

## 9. Stjórnarfundur S.Í. fimmtudagur 14. Apríl 2106 kl. 17.15.

**Mætt : Óskar Long, Björn Ívar, Donika, Ingibjörg Edda, Stefán Steingrímur, Ásdís, Gunnar, Kjartan og Róbert.**

1. **Donika** afmælisbarn heiðruð m.a. með nýbökudum vöflum, en Donika er 19 ára 14. Apríl.
2. **Aðalfundur S.Í.** Haldinn laugardaginn 7.maí nk. í Faxafeni, og hefst kl. 10.00.
3. **Ársreikningur S.Í.** Stjórnarmönnum og konum kynntur ársreikningur S.Í. til umfjöllunar og athugasemda. Hagnaður var á liðnu ári upp á tæpar 700.000 kr.
4. **Tilnefningar í Launasjóð stórmeistara og stjórn Skákskóla Íslands.** Menntamálaráðherra tilnefndi Sigurður Kára Kristjánsson og, Kristínu Edwald sem sína fulltrúa. Halldór Grétar Einarsson og Ingibjörg Edda Birgisdóttir til vara verða sem fyrr fulltrúar SÍ. Stjórn Skákskóla Íslands: Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Sigurbjörn Björnsson sem aðalmenn og Arnar Þorsteinsson og Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir sem varamenn. Ekki liggur fyrir hver tekur sæti fyrir hönd ráðuneytis.
5. **Skákþing Íslands 2016 (landslíðsflokkur)** Gunnar forseti hefur útbúið gríðalega vandað plagg um reglur mótsins, sjá nánar fylgiskjal, Róbert Lagerman, Björn Ívar Karlsson og Ingibjörg Edda Birgisdóttir gáfu kost á sér í mótsstjórnina auk forseta og varaforseta. Dómstóll S.Í. verður áfrýjunarnefnd mótsins.
6. **EM ungmenna 2016.** Haldið í Prag 17.-27. ágúst nk. Gagnlegar umræður um val keppenda, ákveðið að S.Í. sendi út bréf á keppendur sem valdir hafa verið til að tefla á mótinu. Einn keppendandi nær efri-afreksmörkum, annar nær afreksmörkum og um 10 manns ná lágmarkum. Boðsbréf verða senda út til keppenda á næstu dögum.
7. **Reykjavík-open 2016.** Mjög vönduð skýrsla frá Óskari Long um ýmsar tölfræði upplýsingar frá síðustu Reykjavíkurmótum kynnt af Óskari Long sjálfum. Ákveðið að kynna næsta Reykjavíkurmót duglega t.d. á Ólympíuleikunum í Baku í september-mánuði nk. Einnig lögð áhersla á að koma með ferskar og nýjar hugmyndir varðandi framkvæmd mótsins.
8. **Íslandsmót Skákfélaga 2016-2017.** Fyrri hlutinn verður haldinn 29.september-2.október 2016.
9. **Tímarit.is** Kostnaður við að setja tímaritið Skák upp á netið er ca. 1.440.000 kr. Hugsanlegt að þrepaskipta þessu verkefni. Gagnlegar umræður um þetta verkefni. Málinu frestað til næsta fundar.

**Fundi slitið kl. 19.15 Róbert Lagerman**